

Fjallabyggð 16.08.2020

Bæjarráð Fjallabyggðar  
Gránugötu 24  
Siglufirði

**Efni: Styrkumsókn um afnot af Tjarnarborg föstudaginn 21. og laugardaginn 22. ágúst vegna íslandsmót golfklúbba í 3. deild karla.**

Ágæta bæjarráð

Golfsamband Íslands hefur farið þess á leit við Golfklúbb Fjallabyggðar að halda Íslandsmót golfklúbba, 3. deild karla á þessu ári. Það eru 7 lið sem eru búin að boða komu sína auk okkar heimamanna. Með hverju liði eru 6-8 menn. Mótið fer fram helgina 21. til 23. ágúst næstkomandi.

Síðustu misseri hefur GFB staðið að undirbúningi fyrir mótið, hefur það gengið vel og völlurinn er í góðu ástandi. Föstu- og laugardaginn eru spilaðir 2 leikir hvorn daginn sem þýðir að leikið er frá 08 til 18. Þessa tvo daga þarf að bjóða upp á hádegismat. Búið er að ganga frá samningi við menntaðan matreiðslumann og hugðumst við bjóða upp á hádegismatinn í golfskálanum. Nú hafa aðstæður breyst, Covid 19 hefur sett strik í reikninginn og erum við skyldug að halda fjarlægð og vera með nóg rými. Golfskálinn okkar er lítill og uppfyllir engan veginn þau skilyrði.

Þess vegna óskar GFB um afnot af Tjarnarborg þess tvo umræddu daga, án endurgjalds. Án þess að vita það nákvæmlega þá gæti ég ímyndað mér að afnotin væru frá ca. 08-09 til 14-15 hvorn dag. Þetta á bæði við um eldunaraðstöðu og aðstöðu til að borða. Við myndum ganga frá eftir okkur í lok dags.

Er það einlæg von okkar um að jákvætt verði tekið í styrkumsóknina.

Með góðri kveðju  
Rósa Jónsdóttir formaður GFB

  
\_\_\_\_\_